

Stjórnugrís ehf.  
Melar, Hvalfjarðarsveit  
310 Akranes

Reykjavík 11. janúar 2019  
UST201605-018/F.T.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 26. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir úrbótaáætlun vegna fráviks sem skráð voru í eftirliti þann 24. ágúst 2018. Þann 13. desember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 1.3 í starfsleyfi.** Leyfið gildir fyrir þaueldi á fráfarugrísnum 30 kg og yfir í svínahúsum þar sem ekki skuli hýst fleiri en 8000 grísir samtímis. Einnig eru til staðar á búinu um 4-5 þús. grísir sem veга minna en 30 kg. Umhverfisstofnun taldi starfsleyfið ekki heimila fleiri en 8000 grísi samtímis á búinu óháð þyngd þeirra. **Þann 26. september sl. b árust stofnuninni sjónarmið rekstraraðila. Rekstraraðili telur hámarksfjölda grísa, 8000, einungis vísa til fjölda eldissvína, ekki grísa sem veга minna en 30 kg. í sjónarmiðum rekstraraðila er m.a. vísað til minnisblaðs Heilbrigðisnefndar Vesturlands dags. 9. mars 2007 en HEV gaf út starfsleyfi rekstraraðila, sem Umhverfisstofnun hefur nú tekið yfir. Í minnisblaðinu er fjallað um eldra starfsleyfi rekstraraðila en gr. 1.3 í núgildandi starfsleyfi um umfang starfseminnar er samhljóða því eldra, sem fjallað var um í minnisblaðinu. Í minnisblaðinu kemur fram að með orðalaginu að ekki skuli hýstir fleiri en 8000 grísir, sé átt við hámarksfjölda grísa sem eru yfir 30 kg. Skilningur HEV á ákvæðinu var því sá að talan 8000 vísi eingöngu til grísa yfir 30 kg. og að grísir sem veга minna en 30 kg. séu ekki teknir með inn í þessa tölu. Umhverfisstofnun fellst á sjónarmið rekstraraðila og hefur ákveðið að falla frá frávikinu. Í næstu endurskoðun á starfsleyfi Stjórnugrís hf. verður skerpt á orðalagi varðandi umfang starfseminnar.**
- 2. Gr. grein 2.5 og reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.** Olíutankar eða geymar skulu búnir lekavörn skv. grein 2.5 í starfsleyfi. Uppfylla þarf einnig skilyrði í reglugerð hvað varðar öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir. **Rekstraraðili hefur rætt við N1 um að útvega olíutanka og um viðhald og frágang á tönkum. Samkvæmt úrbótaáætlun er úttekt N1 væntanleg í lok mánaðarins og í framhaldi verði farið í framkvæmdir. Áætluð verklok eru í mars 2019.**
- 3. Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Birgðir af tónum körum maurasýru fyrir síðustu tvö ár og bifreið ótengd rekstri standa á milli húsa. Draga skal með skipulögðum hættu úr myndun úrgangs og ekkert geymt á lóð ótengt rekstri. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður körunum og bifreiðinni fargað. Áætluð verklok eru 1. febrúar 2019.**
- 4. Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Hættuleg efni og efni sem verða að spilliefnum skal geyma og meðhöndla af sérstakri varúð. Í hluta 7 í öryggisblaði fyrir 78% maurasýru eru öruggar geymsluaðstæður skilgreindar sem þurr, kaldur, loftræstur staður og frá sólskini. Fullur bambi af maurasýru var geymdur utandyra við óöruggar aðstæður. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að maurasýrutankur hafi verið fjarlægður og sé nú**

innandyra, geymdur við öruggar aðstæður. Í eftirliti stofnunarinnar dags. 20. september 2018 var staðfest að geymirinn hefur verið færður inn. Frávikinu telst lokið.

5. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Hirða á sorpi og öðrum úrgangi af hvaða tagi sem er skal vera regluleg og engu safnað upp þannig að óþrif hljótist af. Nokkuð magn af ónýtu hráefni í fóðurböndu var búið að koma fyrir á milli bús og safnþróa. Urðun á svæðinu er óheimil. Samkvæmt úrbótaáætlun verður ónýtt hráefni í fóðurböndu hreinsað og notað sem áburður á tún í vor. Framvegis verði efnið sett í stórsekki og dreift á tún á dreifingartímabilum. Áætluð verklok eru 1. apríl 2019.
6. Gr. 2.8 í starfsleyfi. Safnþrær skulu yfirbyggðar, þéttar og þannig frá þeim gengið að ekki leki úr þeim út í umhverfið. Fremri þró er ekki yfirbyggð. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að leitað hafi verið til aðila erlendis sem selur dúkaþök yfir tanka. Talið sé að vindstyrkur sé of mikill á svæðinu til að sú lausn henti. Verið sé að skoða með verkfræðingi hvernig hægt sé að byggja yfir tankinn. Ásamt því sé rekstraraðili að skoða aðrar lausnir. Áætluð verklok eru 1. ágúst 2019. Umhverfisstofnun fer fram á það að stofnunin verði upplýst um þegar fyrir liggur hvaða lausn verði valin.
7. Gr. 2.14 í starfsleyfi. Bundið slitlag með niðurfalli skal vera við dyr þar sem afhending dýra fer fram. Eitt af húsunum uppfyllir ekki þær kröfur. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila stendur til að malbika svæðið og gera við skemmdir í eldra malbiki á næsta ári. Áætluð verklok eru 30. júní 2019.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Einar Halldórsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands